

Fyrirspurn

til mennta- og barnamálaráðherra um aðlögun barna að skólastarfi.

Frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur.

1. Hvernig er almennt staðið að aðlögun barna kvótaflóttafólks eða hælisleitenda og fylgdarlausra flóttabarna að skólastarfi hér á landi, hver er aðkoma ríkisins að því og hvernig er fjárveitingum til slíkra verkefna háttáð?
2. Hvernig er almennt staðið að aðlögun barna með annað móðurmál en íslensku sem ekki hafa stöðu flóttafólks að skólastarfi hér á landi, hver er aðkoma ríkisins að því og hvernig er fjárveitingum til slíkra verkefna háttáð?
3. Er gætt jafnræðis við móttöku og aðlögun barna kvótaflóttafólks, barna hælisleitenda, fylgdarlausra flóttabarna og annarra barna sem ekki hafa íslensku sem móðurmál í skóla-kerfinu og hvernig er það tryggt?
4. Hefur Menntamálastofnun gefið út sérstakt námsefni fyrir flóttabörn eða börn með annað móðurmál en íslensku? Ef ekki, hvers vegna ekki og hvenær má búast við að slíkt náms-efni verði á boðstólum?
5. Með hvaða hætti hyggst ráðherra leggja áherslu á stuðning til aðlögunar barna af erlend-um uppruna sem vísað er til í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf?

Skriflegt svar óskast.